

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 1. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, mál 280.

Hinn 19. nóvember 2020 fengu Samtök ferðaþjónustunnar, SAF til umsagnar frá Alþingi frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á umferðarlögum, nr. 77/2019, með síðari breytingum. Breytingunum er meðal annars ætlað að lagfæra vankanta á gildandi umferðarlögum, koma í veg fyrir aukna stjórnslubyrði og kostnað borgara, einfalda ferli við veitingu tiltekinna undanþága frá reglum, einfalda ferli ríkisaðila við að innheimta gjald fyrir notkun stöðureita, skýra orðalag tiltekinna lagaákvæða og þá er frumvarpið þáttur í innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um koltvísyringslosun nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarpið og vilja koma með eftirfarandi ábendingar.

Um 7. gr.

SAF fagna því að gert sé ráð fyrir ákvæði sem heimilar eftirlitsstofnun EFTA (ESA) að leggja gjald á framleiðendur ökutækja sem ekki uppfylla viðmið um hámarks útblástur koltvísyrings. Ákvæðið er til þess fallið að hraða orkuskiptum í samgöngum þar sem framleiðendur þurfa að mæta settum skilyrðum hér á landi eins og gildir fyrir markaði innan ESB. Mikilvægt er að hraða þessari innleiðingu og tryggja þannig áframhaldandi framboð vistvænna ökutækja hér á landi.

Um 10. gr.

Í frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að ráðherra geti heimilað ríkisaðila að sjá um innheimtu gjalds fyrir notkun stöðureita sem ríkisaðili hefur umsjón með. Mikilvægt er að gæta að því að sú gjaldheimta sem um ræðir sé hófleg og endurspegli aðeins raunverulegan kostnað við þá þjónustu sem veitt er. Þá benda samtökin á nauðsyn þess að stofnaður verði miðlægur innheimtugrunnur sem stofnar kröfur um leið og ökumaður nýtir þjónustu eða stofnar til annarra gjalda svo sem sekta eða veggjalda.

Um 14. gr.

Samtökin fagna því að ábyrgð eiganda verði takmörkuð og að skýrar sé kveðið á um að umráðamaður, ef hann er ekki eigandi verði ábyrgur fyrir sektum sem upp kunna að koma. Samtökin benda á að ökumenn geta hvorki verið eigendur eða umráðamenn, eins og tilfelli ökutækjaleiga þar sem engin tengsl eru á milli eiganda/umráðamanns og ökumanns/viðskiptavinar. Koma þarf í veg fyrir að ökutækjaleigur verði gerðar fjárhagslega ábyrgar fyrir gjörðum ökumanna sem þær hafa engin tengsl við. Eins og fram kom í ábendingum við 10. gr. er í því tilfelli afar mikilvægt að koma á fót miðlægum innheimtugrunni gjalda og sekta þar sem ökumenn geta fengið rauntímaupplýsingar um þau gjöld sem stofnað hefur verið til. Samtökin leggja til að við ákvæðið bætist á eftir orðinu umráðamaður, „og eftir atvikum ökumaður“.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Valur Sveinsson".

Gunnar Valur Sveinsson